Landamerkjamálin
Bústaðir - Laugarnes & Kleppur 1890-1891

Aðfnr. 1366, örk 6

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Nr. Framlagt í landsyfirdóminum 6. júlí 1891.

No 3.

A. Thorsteinson
Ar

Lagt fram í merkjadómi Kjósar og Gullbringusýslu 19/5 1891.
Franz Siemsen

Justitiarius og assessores
í hinum konunglega íslenzka
landsyfirdómi

Kunngjöra: Ár 1890, mánudaginn hinn 6. októbermánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum.

Var þá fyrir tekið:

málið nr. 22/1890: Bæjarstjórn Reykjavíkur
eigandi Laugarness
gegn
H. Th. A. Thomsen
eiganda Bústaða

Af hálfu áfrýjanda mætti settur yfirrjettarmálaflutningsmaður Hannes Hafstein og lagði fram nr. 1: áfrýjunarstefnu, dags. 29. júlí þ. á., nr. 2-14: dómsgjörðir Kjósar- og Gullbringusýslu með 12 fylgiskjölum, nr. 15: sókn í málinu, dags. ídag. Lagði síðan málið í dóm. Rjettarskjölin nr. 2-14 fylgja dómsgjörðum þessum in originali, en nr. 1 og 15 hljóða svo:

Nr. 1:

Justitiarius og assessores
í hinum konunglega íslenzka yfirdómi

Kunngjöra: Oss hefur tjáð bæjarfógeti Halldór Daníelsson, að hann fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur sjái sig knúðan til að áfrýja til yfirdómsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjadómi uppkveðnum fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 28. f. m. útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða, en með þeim dómi er dæmt rjett að vera:

"Landamerki milli Laugarness og Bústaða skulu vera: „Úr þrísteinum og í Bústaðaborg bein stefna á fjallið Keili, skekkjulaust til beggja hliða, þartil þrýtur land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogsland.

Ofangreindan kostnað, að upphæð 52 kr. – fimmtíu og tvær krónur – greiði stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, með 30 kr. 50 a. – þrjátíu krónum og fimmtíu aurum – en stefndi kaupmaður H. Th. A. Thomsen með 21 kr. 50 a. – tuttugu og einni krónu og fimmtíu aurum –, sem greiðist til dómsforseta, sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum. Annar málskostnaður falli niður."

Ætlar áfrýjandinn fyrir yfirdómi að krefjast þess, að greindur landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur, og sjer dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrjetti og yfirdómi.

Fyrir því stefnist hjermeð til að mæta fyrir oss í yfirdóminum, sem haldinn verður á venjulegum stað og stundu mánudaginn 6. okt. þ. á. eiganda jarðarinnar Bústaða kaupmanni H. Th. A. Thomsen í Reykjavík, til þess þar og þá að sjá skjöl og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilríki í rjett lögð, á málsútlistun áfrýjanda að hlýða, vörn fram að færa og dóm að meðtaka í framangreinda átt, allt eptir því sem áfrýjandinn mun nákvæmar skýra frá fyrir rjettinum.
Svo stefnist og til að mæta fyrir oss í yfirdóminum á sama stað og tíma dómendum þeim, er dæmt hafa í málinu í hjeraði:
Franz Siemsen sýslumanni í Kjósar- og Gullbringusýslu,
Gísla bónda Gíslasyni í Leirvogstungu,
Halldóri hreppstjóra Jónssyni í Þormóðsdal,
Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Hálsi,
Þórði hreppstjóra Runólfssyni í Móum,
til þess þar og þá að verja dóm sinn og meðferð málsins.
Lögdagur er úr lögum numinn með tilskipun 3. júní 1796.
Reykjavík, 29. júlímán. 1890
Til staðfestu innsigli yfirdómsins og nafn dómsmálaritarans.
(L. S.)
Stefnugjald: 83 - Jón Jensson
áttatíu og þrír aurar.
J. J.
Ár 1890, laugardaginn hinn 16. ágústmánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaða yfirrjettarstefnu kaupmanni H. Th. A. Thomsen persónulega á heimili hans hjer í bænum. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og innsiglum.

Borgun 1 kr. — ein króna — P. Pjetursson (L. S.) Þ. Björnsson (L. S.)

P. P. Þ. B.

Mjer löglega birt

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 6. sept. 1890

Franz Siemsen

Ár 1890 þriðjudaginn 9. septemb. mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Kjalarneshreppi birt framanskrifaða yfirrjettarstefnu hreppstjóra Þórði Runólfssyni á Móum persónulega á heimili hans hjer í hreppi. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1 kr.: eina krónu E. Magnússon (L. S.) Jón Jónsson (L. S.)

E. M. J. J.

Ár 1890, miðvikudag 10. september höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Kjósarhreppi birt framanritaða yfirrjettarstefnu hreppstjóra Þórði Guðmundssyni á Neðrahálsi persónulega á heimili hans. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar.

borgað 1 kr. 50 a. eina krónu fimmtíu aurar Jón Guðmundsson Ólafur Jónsson

J. G. O. J.

Ár 1890 fimmtudaginn 11. ágúst höfum við undir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit birt framanritaða landsyfirrjettarstefnu Gísla bónda Gíslasyni á Leirvogstungu og hreppstjóra Halldóri Jónssyni á Þormóðsdal persónulega á heimilum þeirra. Þetta vitnum við í krapti stefnuvottaeiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Borgað 2.50–
tvær krónur og
fimmtíu aura
J. Á. E. Þ.

Jón Árnason (L. S.) Erlendur Þorsteinsson (L. S.)

Lagt fram í landsyfirdómi 6. okt. 1890
Jón Jensson

Nr. 15:

Sókn í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen
útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða

Jeg leyfi mjer hjermeð að leggja fram fyrir hinn háa rjett:

1. Yfirdómsstefnu með áteiknuðum birtingarvottorðum, dags. 29. júlímán.
2. Dómsgjörðir undirrjettarins in forma, ásamt skjölum þeim, sem látin hafa verið fylgja aktinum in originali,

og skal jeg um leið færa ástæður fyrir áfrýjan þessa máls, og að því búnu leyfa mjer að framfæra rjettarkröfur mínar.

Ástæðan fyrir áfrýjaninni er sú, að dómurinn, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfrýjað er, er að áliti umbjóðanda míns byggður í lögleysu. Og lögleysan er í því fólgin, 1° að ganga framhjá löglegum sönnunum, 2° búa til dóm út í loptið, alveg af handahófi, á bug við rjettarkröfur beggja málsparta.

Þóað landamerkjalögin 17. marc 1882 sjeu nokkuð einstaklegs eðlis að efni og formi, þá verður þó ómögulega sagt, að með þeim sjeu úr gildi felldar almennustu og sjálfsögðustu grundvallarreglur proces-löggjafarinnar, eða yfir höfuð allar almennar hugsunarreglur. Það virðist auðsætt, að landamerkjadómur verður, einsog hver annar dómstóll að vera bundinn við einhverjar fastar reglur, en ekki hreinn leysingi, „hipp som happ", hreint útí loptið.

Í þessu máli var einsog í hverju öðru máli, að málspartar gjörðu sínar rjettarkröfur, og rökstuddu þær eptir megni. Og merkjadómurinn leit hugsandi í kringum sig, og sá þá eitt strýtumyndað fjall, uppmjótt og sívallt, líkt einsog sykurtopp. Þá hugsaði dómurinn: það er synd að svona fallegt fjall skuli ekki vera látið ráða neinum landamerkjum — Εὕρηκα! Látum Keili og ekkert annað ráða merkjum milli Laugarness og Bústaða.

Jeg bið hinn háa dóm að fyrirgefa, ef svo kynni að virðast, sem undanfarin orð væri í nokkurskonar skopi töluð. Jeg efast alls ekki um, að hinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um háttvirtu merkjadómendum hafi þótt þetta rjettlátt, og hafi reynt að dæma fullkomlega eptir beztu vitund og þekkingu. Það er aðeins árangurinn af þessari tilraun, sem jeg tel lögleysu að efninu til.

Það er það merkilega við þetta merkjamál, að merkin eru eiginlega in confesso. Það er aðeins spurning um, hvar nokkur af þeim örnefnum sjeu, sem við er miðað. En hitt er fullkomlega játað af báðum málspörtum, að landamerkin sjeu eptir línu milli vissra tiltekinna marka, sem báðum kemur saman um nöfn á. Jeg vil taka þetta skýrt fram, því að það er mein hins áfrýjaða dóms, að hann gengur fram hjá því, sem er in confesso, og það held jeg að sje og hljóti altaf að vera lögleysa, þrátt fyrir öll "landamerkjalög". Það er í þessu máli in confesso, að merkin milli Laugarness og Bústaða sjeu: Frá þrísteinum í Bústaðaborg, þaðan í stein sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, og þaðan í Klofningssteina. Það er enginn ágreiningur um, hvar þrísteinar eru, og hvar Bústaðaborg stendur, en hitt eru málspartar missáttir um, hvar Klofningssteinar sjeu, þar af leiðandi hvar steinninn sje, sem miðað er við milli Klofningssteina og Bústaðaborgar. Annar segir hjer, hinn segir þar. Og af því að þeir hafa ekki getað komið sjer saman um þetta, hafa þeir kallað hinn heiðraða merkjadóm til að skera úr þrætunni, hvar Klofningssteinar sjeu, — því og engu öðru. — Málspartar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leggja þá spurning samhuga fyrir dóminn: Hvar eru Klofningssteinar. En dómurinn svarar út í hött, horfir út í loptið og segir: það er bezt að Keilir sje sama sem Klofningssteinar.

Eiginlega ætti ekki að þurfa neitt annað til að hrekja hinn áfrýjaða dóm til ónýtingar – heldur en það að benda á, að Keilir er ekki Klofningssteinar.

Það er in confesso, að einhverjir Klofningssteinar sjeu hornmark. Málspartar hafa báðir gefið "Process-erklöringer" þar að lútandi. Báðir málspartar eru fullkomlega fjár síns ráðandi, bæjarstjórn Reykjavíkur og kaupmaður A. Thomsen. „Process-erklöringer" eru eptir öllum rjettarfarsreglum bindandi fyrir myndugan málsparta. Og málspartarnir ætlast ekki til annars; þeir leggja báðir sínar röksemdir í dóm, NB dóm um það, hvar hið viðurkennda hornmark sje. En merkjadómurinn gengur algjörlega framhjá partanna "Raadighed over Processen", gjörir þá ómynduga orða sinna, og gefur Keili dýrðina.

Keilir er snoturt fjall, eptir því sem hjer um slóðir er um að gjöra, en enginn maður á guðs grænni jörð hefur látið sjer detta í hug að miða við hann landamerkin milli Bústaða og Laugarness fyrr en hinum heiðraða merkjadómi, sem hefur uppkveðið hinn áfrýjaða dóm.

Jeg tek það aptur fram, að það er langt frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer að vilja tala nokkuð skoplega um hinn heiðraða merkjadóm. Jeg veit að hinn áfrýjaði dómur er byggður á þeirri skoðun, að merkjadómur eigi per fas nefasque að ákveða einhver merki ef merkjamál er höfðað á annað borð. Jeg skal ekki segja neitt um þessa skoðun. Hún hefur ef til vill fylgi mjer vitrari manna. Hún má gjarnan vera rjett. En merkin verða undir öllum kringumstæðum ætíð að vera bundin við og takmörkuð af kröfum málspartanna, svo lengi sem þeir ekki fara út fyrir sitt eigið land í kröfum sínum. Annars er skertur þeirra dispositionsrjettur yfir málinu. Hafi báðir aðilar sagt: Merki eru við stein, sem heitir það og það, þá er sjálfsagt vafalaust og fullvíst, að þá er dómurinn bundinn við að ákveða, hvar þessi steinn skuli <u>ábtast</u> að vera. Hann á ekkert með að setja merki annarsstaðar í partanna landi.

Hinn áfrýjaði merkjadómur kemur einsög viss persóna úr sauðarleggnum. Hafi þessi almenni inngangur orðið of langur, bið jeg bæði hinn háa rjett og hinn háttvirta mótpart forláts, jeg skal vera því stuttorðari um það, sem eptir er.

Það er með óyggjandi vitnum fyllilega sannað, að á milli „Hanganda", sem er innst í Fossvogi, og Klofningssteina er eitthvað, sem heitir Faxakelda, og merkjalína liggur um þetta örnefni. Þetta sjest einnig glöggt á afsalsbrjefinu fyrir Laugarnesi, dags. 27. febr. 1857, sem enginn hefur mótmælt,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er slíkt ómótmælt afsalsbrjef fullt sönnunarskjal fyrir merkjum, eptir því sem álitið er í mörgum yfirrjettardómum. Jeg skal í sambandi við þetta leyfa mjer að draga fram þá fjarstæðu í hinum áfrýjaða dómi, að hann leyfir sjer að ganga framhjá eiðfestum vitnisburðum trúverðra gamalla vitna um örnefni, af þeirri "ástæðu", að framburður þeirra sje vitnisburður um munnmæli, sem þau hafa heyrt, og sjálf hafa álitið, eða einsog nákvæmar er tekið fram annarstaðar í premissunum: að vitnin hafa borið um það, sem þeim hefur sagt verið um örnefnin. En mjer er spurn: Hvernig í dauðanum á yfir höfuð að bera vitni um örnefni, þ.e. nöfn þau, sem almenningur gefur þeim og þeim stöðum, nema eptir sögusögn annara; og þegar menn heyra alla segja sama, þá er það sama sem sögusögn almennings. Það er þó naumast til þess ætlandi, að það sje eða hafi verið fyrir mörgum áratugum eða öldum plakaterað á hverja hundaþúfu, hvað hún er kölluð; og þóað svo væri, að það væri plakaterað, þá hlyti slíkt plakat jafnan að hafa verið sett upp eptir sögusögn og munnmælum, því örnefnin fá ekki sitt nafn "til protokols" hvorki í merkjadómum nje öðrum dómum. Það er alveg hið sama einsog ef merkjadómurinn hefði viljað ganga framhjá vitnisburði einhvers manns af þeirri ástæðu, að hann vitnaði um það, sem hann hefði sjeð – þefað – eða fundið til.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn heiðraði merkjadómur viðurkennir þó líklega, að heyrnin eje líka function skilningarvitanna.

En jeg geng framhjá þessum misskilningi merkjadómsins, og tek það upp aptur, að það er óyggjanlega sannað í málinu, að milli "Hanganda" í Fossvogi og Klofningssteina er örnefni, sem heitir Faxakelda, og um hana á merkjalínan að liggja. Það kemur ekki málinu við, hvort "Hangandi" er efsti eða næst efsti bergklettur í Fossvogi. Það er í öllu falli in confesso, að hann er hornmark Laugarnesslands gagnvart annari jörð.

Nú er það einnig með óyggjandi, eiðfestum vitnisburðum sannað, að upptök syðri armsins á Fossvogslæk hafa almennt verið nefnd Faxakelda. Altsvo hljóta Klofningssteinar að vera lengra burtu frá Fossvogi eða Hanganda heldur en upptökin á Fossvogslæk, og þar af leiðandi hlýtur sú stefna, sem merkjadómurinn hefur fundið upp, að vera gagnstæð því, sem er in confesso í málinu, og að öðru leyti fullsannað.

Jeg finn ekki að svo stöddu ástæðu til, að telja upp allar þær lögleysur, sem eru í hinum áfrýjaða dómi. Það sem þegar er talið, er vonandi nóg. En jeg reservera mjer allan rjett til frekari sóknar, ef vörn mótpartsins gefur tilefni til þess.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að gjöra þá rjettarkröfu:

Að hinn áfrýjaði merkjadómur verði dæmdur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ómerkur, og að kaupmaður A. Thomsen verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir merkjadómi og yfirdómi með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð, ekki undir 100 Kr.

Jeg legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 6. okt. 1890

Virðingarfyllst

Hannes Hafstein

Til

Landsyfirdómsins

Lagt fram í landsyfirdóminum 6. okt. 1890

Jón Jensson

Af hálfu stefnda var mættur yfirrjettarmálaflutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson, bað um skjölin Gjeð og hálfsmánaðar frest og var það veitt.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

Ár 1890, mánudaginn hinn 20. októbermánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið:

málið nr. 22/1890: Bæjarstjórn Reykjavíkur (eigandi Laugarness)

gegn

H. Th. A. Thomsen (eiganda Bústaða)

Umboðsmaður stefnda bað um viku frest í viðbót við áður veittan frest og var það veitt með sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykki mótpartsins.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

Ár 1890, mánudaginn hinn 27. októbermánaðar var lands-yfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið:

málið nr. 22/1890: Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Laugarness)
gegn
H. Th. A. Thomsen
(eiganda Bústaða)

Umboðsmaður stefnda mætti; skilaði aptur skjölum málsins nr. 1-15 og lagði fram nr. 16: vörn í málinu, dags. idag, er hljóðar svo:

Nr. 16:

Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Laugarness)
gegn
H. Th. A. Thomsen

Um leið og jeg leyfi mjer að skila aptur skjölum þessa máls, skal eg virðingarfyllst svara sókninni fám orðum.

Jeg skal þegar taka það fram, að eg álít að í raun og veru sje þrætulandið allt eign umbjóðanda míns, og þarsem eg í þessu máli krefst þess samt sem áður, að hinn áfrýjaði merkjadómur verði staðfestur, einsog hann liggur fyrir, þá áskil eg þó jafn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framt umbjóðanda mínum rjett til, ef dómurinn verður ónýttur, að framhalda upprunakröfu sinni óbreyttri. Þessa staðfestingarkröfu mína ber því eigi að skoða sem afsal eða fráfall á neinum hluta hinnar fyrstu rjettarkröfu, ef færi gefst síðar til þess eventuelt að fá hana að fullu viðurkennda. Það, sem jeg því, eptir þessari afstöðu minni gagnvart dóminum, færi fram hjer, lýtur eingöngu að því að sýna fram á, að minn heiðraði mótpartur geti ekki sagt að hans málstað sje hallað með lögleysum; honum kemur ekkert við að kvarta yfir því þó rjetti umbjóðanda míns hafi verið hallað; sætti jeg mig við það að svo vöxnu máli getur hann eigi krafist ónýtingar fyrir þá sök. Með þessum formella fyrirvara sný eg mjer svo að dóminum og sókn mótpartsins.

Það hefur verið tekið fram áður, að kortið er rangt í alla staði, sjerstaklega að Bústaðaborg er of austarlega og að Faxakelda hefur aldrei fundist; á hana gat enginn, hvorki vitni, dómendur nje málspartur, vísað við merkjagönguna.

Jeg ætla að þessu sinni að ganga þegjandi framhjá inngangsorðum mótpartsins, hann má gjarnan fyrir mjer senda merkjadóminum svo margar hnútur og hnífilyrði, í skopi eða alvöru, sem honum þóknast, það raskar eigi gildi dómsins, en þegar hann segir að merkjadómurinn hafi farið í bága við algengar hugsunarreglur og gjört partana "uraadige over Processen" þá þykir mjer "grána

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamanið" og jeg finn mig knúðan til að mótmæla fast-
lega. Þetta er of grunnt skoðað hjá mínum heiðraða
mótparti. Hann segir: Úr því að báðir partar eru sam-
dóma um, að hornmarkið heiti "Klofningssteinar" þá
skal merkjadómurinn skyldur að segja, um leið og hann
setur hornmarkið, „þetta eru þeir sannarlegu "Klofnings-
steinar" og það þó hornmarkið sje um mógröf, hunda-
þúfu eða torfpælu. Sjer nú minn fyndni mótpartur ekki
hvað sáran vönd hann hefur bundið sjálfum sjer, ef
nokkur vildi beita honum, með þessari formalistisku
"Proceserklöringa-Theori" sinni í svona vöxnu máli.

Hið ytra form þrætunnar er: „Klofningssteinar" hjer
eða "Klofningssteinar" þar, en kjarni hennar eða henn-
ar reella innihald eru alls eigi hvorki nöfn nje
steinar heldur eignarrjetturinn að landi því, sem
lukt er markalínunum í þessa steina. Frá þessu
sjónarmiði, sem auðsjáanlega liggur til grund-
vallar fyrir dóminum, er það því ofur skiljanlegt
þó að merkjadómurinn hafi, einsög mótparturinn
svo fyndið kemst að orði, "gefið Keili dýrðina", ɔ:
látið stefnu á hann ráða mörkum út að jöðrum
landeignanna. Jeg sje ekki að slíkt þurfi að vera
nein lög- eða lokleysa. Minn heiðraði mótpartur
er svo sár yfir því, að merkjadómurinn skuli hafa
gengið framhjá hans Klofningssteinum, Hanganda,
Faxakeldu og svo þessum ógleymanlegu vitnisburð-
um. Jeg sje ekki neitt undarlegt í því. Hvað vitn-
isburðina snertir, þá er þeim nógsamlega lýst fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undirrjetti; það sem minn heiðraði mótpartur þar segir um forsendur merkjadómsins, er auðsjáanlega byggt á misskilningi á orðum dómsins. Vitnin segja merkin um "Söðulstein"; hann er í austur frá Bústaðaborg, en markasteinninn er eptir skjölunum "fyrir vestan og sunnan" borgina. Þar fara vitnin í bága við skjölin og það er játað fyrir undirrjetti. Kortið er hjer sjerlega rangt, því borgin er mikið vestar. Þegar þessi munnmæli, sem vitnin bera um þetta mark, eru þannig opinberlega viðurkennd röng, er þá von að nokkur dómur byggi á þeim? Að tala frekar um þann nýja markastein, sem í vandræðunum var fundinn upp fyrir "Söðulstein" þarf eigi; það hefur verið gjört fyrir undirrjetti og til þess leyfi eg mjer að vísa. „Klofningssteinar" mótpartsins eru ekki "Klofningar", það er urð í Digraneslandi, sem liggur öfugt við öllum markastefnum milli jarðanna, og skal jeg svo að öðru leyti leyfa mjer að vísa í lýsingu dómsmannanna, sem nákvæmlega skoðuðu staðinn. Um það hvar "Hangandi" er var ágreiningur milli vitnanna, og Taxakeldu gat ekkert þeirra vísað á; hún fannst ekki, og að því leyti er einnig kortið alveg rangt. En Hangandi og Taxakelda koma hreint ekkert þessu máli við, og auk þess mundi stefnan eptir þeim, ef þau fyndust og væru þar, sem mótparturinn segir, mynda þetta "no-mans-land" niðri við voginn, sem getið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er um fyrir undirrjetti.
Eg skírskota að öðru leyti til þess, sem fram er tekið fyrir undirrjetti, mótmæli sókn allri og kröfum mótpartsins, en leyfi mjer að krefjast þess:
Að hinn áfrýjaði merkjadómur verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir yfirdómi, eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 100 krónur.
Eg legg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 27. okt. 1890

Virðingarfyllst
Guðl. Guðmundsson

Til
Landsyfirdómsins

Framlagt í yfirdóminum 27. okt. 1890
Jón Jensson

Lagði svo málið í dóm. Umboðsmaður áfrýjanda mætti einnig, bað um viku frest og skjölin ljeð og var það veitt.

Rjetti slitið
L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

Ár 1890, mánudaginn hinn 3. nóvembermánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Í sjúkdómsforföllum 1. yfirdómara Kristjáns Jónssonar tók sæti í rjettinum landfógeti A. Thorsteinsson samkvæmt löggilding landshöfðingja, dags. ídag, er var sýnd í rjettinum. Var þá fyrir tekið:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málið nr. 22/1890: Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Laugarness)
gegn
H. Th. A. Thomsen
(eiganda Bústaða)

Umboðsmaður áfrýjanda mætti, skilaði aptur skjölum málsins nr. 1-16 og lagði fram nr. 17: Framhald sóknar, dags. í dag, svohljóðandi:

Nr. 17:

Framhald sóknar
í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen
útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða

Það gleður mig að lesa ámilli línanna í vörn hins heiðraða mótparts, að hann viðurkennir, að eitthvað sje bogið við hinn áfrýjaða dóm, og að hann býst við, að hann verði ónýttur svo mjög, að hann er þegar farinn að búa sig undir nýtt mál. En þarsem hann þó hefur krafist staðfestingar á Keilis-regimentinu, þá verður það að vera bindandi "Proces-erklæring" gagnvart sama mótparti.

Það er nokkuð mikil petitio principii, þegar mótpart-urinn segir, að jeg geti ekki krafist ónýtingar fyrir það, að rjetti umbjóðanda hans sje hallað. Hann gefur sjer þar nokkuð mikið. En með þessu játar hann skekkju dómsins; það er gefið að hallað er á annan-hvorn málspartinn. Jeg segi að hallað sje á umbjóðanda minn, en efnisdómur um hvor okkar hafi rjett um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkin fást því miður ekki fyrir þessum rjetti. Hjer er nóg það, sem dæminum er ljósara, að merkjadómurinn byggir á þingsafglöpun og ólöglegu að efninu til, einsog áður er skýrt, og verður því að annúllerast, til þess að málið geti orðið tekið upp aptur til löglegri meðferðar.

Að öðru leyti mótmæli jeg allri vörn mótpartsins, lið fyrir lið; jeg skal aðeins drepa á það, að "Klofningssteinar" Thomsens er steinn, sem er nýklofnaður sundur í lifandi manna minnum, og að öðru leyti skal jeg taka það fram, að það er alls ekki víst, að Klofningssteinar þurfi endilega að vera klofnir steinar. Nafnið getur hafa komið af ýmsu öðru. Það er ómögulegt að vita af hverju gömul örnefni eru upprunalega til komin. Og loks vil jeg athuga, að það getur verið fullkomlega heimilt að miða í mark, þótt utan landareignar sje. Það er ekki það, sem er á móti hinum áfrýjaða dómi, að Keilir er utan landeigna Laugarness og Bústaða, heldur hitt, að miðað er í Keili, þvert ofan í rjettarkröfur partanna og augljósar sannanir. Um Faxakeldu skal jeg aðeins leyfa mjer að vísa í vitnisburðina og mótmæli jeg því sem mótpartinn segir um það sem annað.

Jeg skírskota að öðru leyti til þess, sem jeg áður hef framfært, held fast við áður gjörðar rjettarkröfur, og legg málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 3. nóv. 1890

Virðingarfyllst

Hannes Hafstein

Til
Landsyfirdómsins

Framlagt í landsyfirdóminum 3. nóv. 1890
Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagði svo málið í dóm. Umboðsmaður stefnda mætti og; mótmælti hinu síðast framkomna og lagði málið og í dóm. Málið tekið undir dóm.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson A. Thorsteinsson settur Jón Jensson

Ár 1890, mánudaginn hinn 8. desembermánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið:

málið nr. 22/1890: Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Laugarness)
gegn
H. Th. A. Thomsen
(eiganda Bústaða)

og var í því uppkveðinn svofelldur

Dómur:

Mál þetta er höfðað af bæjarstjórn Reykjavíkur sem eigande jarðarinnar Laugarness í Seltjarnarnesshreppi gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi útaf ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða, og var það dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júní þ. á. svo, að landamerki milli jarðanna skyldu vera: úr þrísteinum og í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg bein stefna á fjallið "Keili", skekkjulaust til beggja hliða, þartil þrýtur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogs-land. Um dagpeninga og ferðakostnað sýslumanns og dagpeninga merkjadómsmanna var ákveðið í dóminum, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða af þeim kostnaði 30 kr. 50 a. en kaupmaður H. Th. A. Thomsen 21 kr. 50 a. Annar málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. júlímán. þ. á., og krafist þess, að hann verði dæmdur ómerkur og stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir merkjadómi og yfirdómi með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð, ekki undir 100 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafist þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir yfirdómi, eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 100 kr.

Málsaðilar eru sammála um það, að landamerkin milli umræddra jarða sjeu þessi: Úr þrísteinunum í Bústaðaborg, þaðan í stein fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg og þaðan í Klofningssteina. Þeir eru einnig sammála um það, hvar þrísteinar sjeu og Bústaðaborg, en ágreiningurinn er um hvar umgetinn steinn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje og hvar Klofningssteinar sjeu. Áfrýjandinn hefur talið merkjasteininn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg stein eigi alllangt frá Borginni uppá ásnum að sunnanverðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokkru fyrir vestan og ofan svonefndan Söðulstein, og Klofningssteina í suður frá honum niðri í Fossvogsmýrinni þegar fer að halla upp hinumegin. Steinn stefnda er aptur töluvert vestar, vestan undir svonefndu Háaleyti, og Klofningssteinar hans neðarlega við Fossvogslæk, hjerumbil í vestur frá Klofningssteinum áfrýjandans.

Þarsem nú stefnda eigi hefur tekist að styðja álit sitt um merkjalínuna nema með vitnisburði eins manns, er auk þess virðist byggja mest á ímyndun sjálfs sín um hvar hin umþrættu örnefni sjeu, hefur aptur á móti áfrýjandinn fyrir merkjadóminum borið fyrir sig vitnisburði ýmsra nákunnugra eldri manna um það er þeir höfðu heyrt í ungdæmi sínu og síðar, um hvar örnefnin og merkin voru, og verður með þeim vitnisburðum að álíta fullsannað, að Klofningssteinar sjeu þeir, sem áfrýjandinn heldur fram, svo og hver sje aðalstefna merkjalínunnar uppúr voginum norðureptir, þó nokkur vafi geti enn verið á því, hvar merkjasteinninn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje eða hafi verið.

En þó að þessir vitnisburðir, sem engin heimild er til að vefengja, sjeu þær einu sannanir, sem fram eru komnar í málinu fyrir því, hvar "Klofningssteina" sjeu, hefur merkjadómurinn eigi tekið neitt tillit til þeirra, sökum þess, einsog hann kemst að orði, að þeir sje "framburður vitna um munnmæli, sem þau hafi heyrt og sjálf álitið".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því nú að merkjadómurinn verður með þessu að álítast hafa virt að vettugi löggilda vitnisburði, og hann auk þess hefur ákveðið merkjalínuna svo, að yfirdómurinn getur enga hugmynd um það haft, hvar hún skiptir þrætulandinu eða jafnvel hvort hún fellur innan þrætulandsins eða utan þess, því ekkert er, hvorki í dóminum nje annarstaðar í málinu minnzt á afstöðu hennar við örnefni, er fram eru komin í því — þá verður eigi hjá því komizt að ónýta merkjadóminn fyrir sakir lögleysu að efni til og vísa málinu heim aptur. Uppí málskostnað fyrir yfirdómi virðist rjett að stefndi greiði áfrýjandanum 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn skal úr gildi felldur, og málinu vísast heim aptur. Uppí málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 kr., er líkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er innsigli yfirdómsins og nafn justitiarii.

Reykjavík 30. desemberm. 1890

Ritgjald fyrir 6 arkir: 3 kr.
Staðfest. og innsiglun .. .83

Kr. 3.83

þrjár krónur áttatíu og þrír aurar.

J. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

L. Sveinbjörnsson

Ár 1891 miðvikudaginn hinn 17 júnímánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaðann landsyfirrjettardóm, kaupmanni W. Th. A. Thomsen persónulega í sölubúð hans hjer í bænum. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1. kr.
ein króna
J. B. Þ. G.

J. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson

№ 3

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12 1891

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur